

## FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 27. mars kl. 9:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhóls götu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð og Tinnu Dahl Christiansen.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð frá 31. janúar 2020

Lögð var fram fundargerð frá 31. janúar 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 31. janúar 2020 var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Þjónusturof vegna viðkvæmra hópa vegna Covid-19

#### Aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til umræðu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 24. mars 2020, varðandi starf viðbragðsteymis um þjónustu við viðkvæma hópa vegna Covid-19 og hvernig vinna viðbragðsteymisins getur tengst starfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Teymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp getur komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísi, m.a. ef upp kemur sú staða að ekki sé mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinna hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma.

Aðkoma Jöfnunarsjóðs gæti verið með tvennum hætti. Annars vegar er mögulegt að nýta heimild í reglugerð 351/2002 um jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla þar sem segir að heimilt sé að ráðstafa framlögum til sveitarfélaga á grundvelli umsókna vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla sem leiði til útgjalda umfram tekjur. Mögulegar fjárhæðir vegna þessa eru áætlaðar 75 – 100 m.kr. Hins vegar er mögulegt að breyta 8. gr. reglugerðar um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk þar sem heimilt yrði að veita sérstök viðbótarframlög til svæða til þess að jafna sveiflur sem fram koma í útgjöldum milli ára og sérstaklega má rekja til aðgerða til varnar því að rof verði á þjónustu við fatlað fólk vegna samfélagsaðstæðna. Mögulegar fjárhæðir vegna þessa eru áætlaðar 175 – 200 m.kr.

*Bókað var að ráðgjafarnefnd er jákvæð fyrir þessari aðkomu Jöfnunarsjóðs og fylgst verður náið með hvernig mál þróast.*

### 3. Viðspyrna fyrir íslenskt atvinnulíf

#### Aðkoma Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til umræðu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. mars 2020, ásamt minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi stöðu verkefna í aðgerðapakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum.

Í minnisblaði sambandsins er lagt til að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýttur í auknum mæli, ásamt stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, til uppbyggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk og til að bæta aðgengi fatlaðra að mannvirkjum og útivistarsvæðum.

Einnig var ræddur sá möguleiki að heimila Jöfnunarsjóði að taka lán úr Fasteignasjóði til að minnka þau áhrif sem vænt tekjufall hefur á úthlutanir Sjóðsins.

*Að lokinni umræðu var ákveðið að taka málið frekar fyrir á næsta fundi.*

### 4. Sameiningar sveitarfélaga

#### Beiðni frá sveitarfélögum á Suðurlandi um framlög vegna könnunarviðræðna

Lögð var fram til umræðu og afgreiðslu umsókn um framlög vegna kostnaðar við könnunarviðræður um sameiningu sveitarfélaga á Suðurlandi, dags. 11. mars 2020, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 26. mars 2020. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Ásahreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur.

*Að lokinni umræðu var ákveðið að leggja til við ráðherra að umsóknin verði samþykkt að fjárhæð 23,8 m.kr. Jafnframt var ákveðið að fela starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að gera tillögu að verklagsreglum vegna framlaga um sameiningarviðræður sveitarfélaga.*

#### Nýjar reglur vegna sameininga sveitarfélaga

Lögð voru fram drög að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Reglurnar hafa áður farið inn á samráðsgátt stjórnvalda og tekið lítilsháttar breytingum í kjölfarið. Til lagðar breytingar eru að framlagið verði greitt út á 7 árum í stað 5 ára og viðbætur við byggðaframlagið þ.a. framlagið hækkar ef íbúafækkun hefur orðið. Þá var nokkur umræða um hvaða ártal eigi að nota vegna skuldajöfnunarframlags, hvort miða eigi við framlag síðastliðins árs eða fast ártal.

*Til lagðar breytingar voru samþykktar auk þess var lagt til að skuldajöfnunarframlagið skuli miðast við árið 2019 en notast megi við 2018 í sérstökum undantekningartilvikum.*

### 5. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms 2020/2021

#### Tillaga um úthlutun framlaga

Lögð var fram tillaga að endanlegri áætlun framlaga vegna eflingar tónlistarnáms 2020/2021, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 24. mars 2020. Þá var einnig farið yfir fjármögnun verkefna 2020.

*Að lokinni umræðu var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt og jafnframt að athugað verði hvort auka megi eftirlit með skráningunni.*

**6. Viðbótarframlag vegna íþyngjandi snjómoksturs**

**Akureyrarbær**

**Dalvíkurbyggð**

**Hörgársveit**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2020, ásamt umsóknum sveitarfélaganna þar sem sótt er um viðbótarframlög vegna íþyngjandi snjómoksturs veturinn 2019-2020.

*Ákveðið var að bíða með ákvörðun þar til komin er skýrari mynd á lækkun tekna sjóðsins á árinu 2020 vegna Covid-19 veirunnar og málið því tekið fyrir að nýju á næstu fundum nefndarinnar. Verði veitt viðbótarframlag vegna íþyngjandi snjómoksturs verður öllum sveitarfélögum gefinn kostur á að sækja um og munu þau fá sent erindi þar að lútandi.*

**7. Útgjaldajöfnunarframlög**

**Endurskoðuð áætlun framlaga – uppfærðar íbúatölur og tekjur**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. mars 2020, ásamt upplýsingum er liggja að baki enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum fyrir árið 2020. Áætlunin tekur m.a. mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2020 og uppfærðum hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi er taka mið af útreikningi endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2019.

*Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun A- og B-hluta framlaganna fyrir árið 2020 og ákvað að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.*

**YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS**

**8. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT)**

**Endurskoðuð áætlun framlaga**

Lögð var fram 3. áætlun framlaga vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 24. mars 2020.

Fjölgar um 112 nemendur milli áætlana og er í heildina greitt með 3.129 nemendum í 56 sveitarfélögum. Ekki er gert ráð fyrir að áætlunin taki frekari breytingum.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.*

**9. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla**

**Endurskoðuð áætlun framlaga – uppfærðar íbúatölur og tekjur**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. mars 2020, ásamt forsendum er liggja að baki enduráætluðum almennum jöfnunarframlögum vegna grunnskóla fyrir árið 2020. Áætlunin tekur mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2020 og uppfærðum útsvarstofni sveitarfélaga vegna tekna 2018 og áætlun um útsvarstekjur á árinu 2019.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.*

## YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

### 10. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

#### Erindi frá Félagsbústöðum

Lagt var fram erindi frá Félagsbústöðum, dags. 10. mars 2020, er varðar framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er þar spurst fyrir um hvort Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs veiti stofnframlag vegna aukaíbúðar í íbúðakjörnum sem notuð er fyrir sameiginlegan rekstur og hvort veitt séu framlög vegna kostnaðar við breytingar á herbergjasambýlum og íbúðakjörnum svo þær uppfylli reglugerð um húsnæði fatlaðs fólks.

*Ákveðið var að fela starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að skoða málið gaumgæfilega og taka málið aftur fyrir síðar.*

### 11. Umsókn vegna rekstrarúttektar

#### Akureyrarbær

Lögð var fram umsókn frá Akureyrarbæ, dags. 17. febrúar 2020, varðandi umsókn um stuðning vegna úttektar á rekstri málaflokks fatlaðra. Sótt er um styrk á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 145/2019 að fjárhæð allt að 8 m.kr. sökum uppsafnaðs halla á rekstri þjónustunnar hjá sveitarfélaginu.

*Að lokinni umræðu var ákveðið að veita framlag að fjárhæð allt að 8 m.kr..*

### 12. Óhagstæðir langtímaleigusamningar

#### Framlög ársins 2020

Lagt var fram yfirlit yfir óhagstæða langtímaleigusamninga vegna ársins 2020, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 24. mars 2020. Samkvæmt útreikningi reiknast níu sveitarfélög með framlag vegna 23 fasteigna með langtímaleigusamninga. Heildarframlag ársins 2020 nemur 91,15 m.kr.

*Nefndin leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt..*

### 13. Reykjadalur

#### Drög að samkomulagi um stuðning við sumar- og helgardvöl fatlaðra einstaklinga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2020, vegna samnings við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadal.

Reykjadalur hefur frá yfirlæslu málefna fatlaðs fólks frá ríkis til sveitarfélaga árið 2011 notið framlaga úr Jöfnunarsjóði á grundvelli samkomulags Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við ráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

*Samþykkt var að leggja til að eins verði staðið að hækkun framlags í ár og gert var á síðasta ári og nemur framlag ársins 2020 því 63,5 m.kr.*

### 14. Skálatún

#### Staða mála

*Umræðu um málefni Skálatúns var frestað til næsta fundar ráðgjafarnefndar.*

**15. Slit á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks**

**Vesturland**

Lögð var fram til kynningar fundargerð frá stjórn SSV, dags. 9. desember 2019. Í fundargerð er tekið fram að bréf hafi verið sent félagsmálaráðuneyti um slit á þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra. Félagsmálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir við slitin. Framvegis skiptist þjónusta við fatlað fólk á Vesturlandi í svæðin Akranes og Hvalfjörður, Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppur og Snæfellsnes.

**16. Árleg ferð ráðgjafarnefndar**

Umræða fór fram um árlega ferð ráðgjafarnefndar, verður tekið fyrir að nýju síðar.

Næsti fundur verður 30. apríl kl. 12:15.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson